

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Spöngin eining G, Spöngin 3-5/Móavegur 2 og 4.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 17. apríl 2019, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Spangarinnar, einingar G, vegna lóðanna nr. 3-5 við Spöngina og 2 og 4 við Móaveg. Í breytingunni felst að komið er fyrir djúpgámum á lóð í stað sorpskýla og hækkuð hámarkshæð hjólaskýla úr 3,0 m í 4,5 m. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Kvosin.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 8. mars 2019, breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar. Í tillögunni felst breyting á afmörkun skipulagsins í samræmi við breytta afmörkun á skipulagi Austurhafnar. Breytingin er tilkomin vegna ráðagerðar um að gera gömlu steinbryggjuna sýnilega og gera hana að torgsvæði en svæðið skaraði tvenn skipulagsmörk. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Sundahöfn, norðan Vatnagarða.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 11. apríl 2019, breytingu á deiliskipulagi Vatnagarða vegna Sundahafnar. Í breytingunni felst að skilgreindir eru tveir byggingarreitir á lóð Sægarða 9, stækkun og breyting á sérskilmálum fyrir lóðina Sægarða A og gerðar eru nýjar lóðir fyrir dreifistöð, Sægarðar 13 og spennistöð, Sægarðar 17. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 30. apríl 2019.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 15. maí 2019